

5. Hvaða starf/starfssvið er um að ræða. Þar komi fram lýsing sem sé nægjanlega greinargóð til þess að væntanlegur umsækjandi geti gert sér glögga grein fyrir því í hverju starfið felst.
6. Starfshlutfall.
7. Hvaða menntunar- og/eða hæfniskröfur gerðar eru til starfsmanns.
8. Hvaða starfskjör eru í boði.
9. Stjórnunarleg staða starfsins innan stofnunar/ríkisfyrirtækis.
10. Hvenær starfsmaður skuli hefja störf.
11. Að öllum umsóknum verði svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 13. ágúst 1996.

Friðrik Sophusson.

Magnús Pétursson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Miðskólann í Reykjavík.

I. Nafn og markmið.

1. gr.

Skólinn er rekinn sem sjálfseignarstofnun með starfsemi í Reykjavík og heitir Miðskólinn.

2. gr.

Skólinn starfar eftir reglugerðum og lögum um grunnskóla og sjálfstæðri skólastefnu sem stjórn skólans mótar. Lögð skal áhersla á eftirfarandi:

- a) Kennslu nemenda í 4., 5., 6., 7. og öðrum bekkjum grunnskóla eftir því sem aðstæður leyfa.
- b) Samfelldan skóladag.
- c) Stuðning og aðstöðu til heimanáms.
- d) Markvissa kennslu í undirstöðugreinum.
- e) Fjölbreytta kennslu í söng, tónlist og öðrum listgreinum.
- f) Mannúðlegt námsumhverfi.
- g) Andlegt og líkamlegt heilbrigði nemenda og þróðmannlega framkomu.

3. gr.

Heimili skólans er í Reykjavík.

II. Stjórn og fjármál skólans.

4. gr.

Stjórn skólans skal skipuð fimm mönnum, þ.e. þremur aðalmönnum og að auki tveimur stjórnarmönnum, sem kjörnir eru til eins árs í senn af foreldrum, sem eiga börn í skólanum. Þegar aðalmaður hverfur úr stjórninni er nýr fulltrúi kjörinn í hans stað af þeim aðalmönnum sem fyrir eru. Stjórnin skal sjá um að skipulag og rekstur skólans sé í samræmi við lög og reglugerðir um grunnskóla.

5. gr.

Stjórn skólans ræður skólastjóra, kennara og annað starfslið. Um réttindi og skyldur skólastjóra og kennara fer eftir samkomulagi eða samningi milli Kennarafélags Miðskólans og skólastjórnar Miðskólans.

6. gr.

Stjórnmendur skólans ákveða fjölda nemenda svo og hverjir skulu teknir í skólann ef fleiri umsóknir berast en fært er að sinna. Um hámarksfjölda nemenda í hverri bekkjardeild og skipan nemenda í námshópa skal fara samkvæmt ákvörðun stjórnar.

7. gr.

Fundi foreldra skal halda þegar þörf krefur að mati stjórnar skólans.

8. gr.

Skólinn er rekinn samkvæmt sérstökum efnahags- og rekstrarreikningi.

9. gr.

Eignir skólans eru samkvæmt efnahagsreikningi hans.

10. gr.

Fjár til starfsemi skólans er aflað á eftirfarandi hátt:

- a) Með skólagjöldum.
- b) Með opinberum styrkjum sem kunna að vera veittir.
- c) Með öðrum styrkjum og framlögum sem skólanum áskotnast.

11. gr.

Stjórn skólans ákveður skólagjöld og greiðslufyrirkomulag þeirra.

12. gr.

Leita skal staðfestingar menntamálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari, sbr. 56. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.

Skipulagsskrá þessi var upphaflega samþykkt á aðalfundi Miðskólans, 4. júní 1992, en breytt í núverandi horf þann 26. júní 1996.

Staðfest með vísun til 56. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla. Jafnframt fellur úr gildi fyrri skipulagsskrá frá 4. júní 1992.

Menntamálaráðuneytinu, 1. ágúst 1996.

F. h. r.

Guðríður Sigurðardóttir.

Hrólfur Kjartansson.